

- 69 Mjólkursamsölunni í Reykjavík heimilt að selja ógerilsneydda þá mjólk, sem
14. maí framleidd er samkvæmt ákvæðum VI. kafla, enda sé til þess valin 1. flokks mjólk frá sem fæstum mjólkurframleiðendum í Reykjavík og grennd, er að dómi hér- aðslæknis og dýralæknis komast næst því að fullnægja ákvæðum VII. kafla við framleiðslu mjólkurinnar. Slik mjólk skal síuð gegnum þrýstisíu, fyllt á flöskur og merkt **ógerilsneydd mjólk B.**

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 1 7. janúar 1935, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 14. maí 1935.

Hermann Jónasson.

Vigfús Einarsson.

- 70
15. maí

REGLUGERÐ

um gerð og búnað almenningsbifreiða.

Samkvæmt lögum nr. 62 28. janúar 1935, um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum, eru hérmeð sett eftirfarandi ákvæði um gerð og búnað bifreiða, er samkvæmt skoðunarvottorði rúma fleiri en 6 farþega (almenningsbifreiða):

1. gr.

Ekki má nota aðrar bifreiðar en þær, er eigandi þeirra hefir fengið vottorð skoðunarmanns bifreiða um, að séu til þess hæfar og sem fullnægja skilyrðum þeim, sem sett eru í reglugerð þessari til öryggis og þæginda farþegum.

2. gr.

Farþegabyrgi skal vera vandlega gert úr góðu efni, nægilega sterkt, skjólgott og vatnshelt með heilum rúðum. Skal séð fyrir hæfilegri loftræstingu með því að auðvelt sé að opna rúður og loka þeim. Rúðugler öll skulu vera að minnsta kosti 5 mm. þykk og framrúða úr ógölluðu sléttslípuðu gleri. Sæti og bakbrikur skulu vera þægilega mjúk og klædd dúk, sem auðvelt er að þrifa.

Breidd sætis fyrir hvern farþega sé a. m. k. 43 cm. og sé hæfilega rúmt milli sæta. Dyr skulu vera fremst á báðum hliðum, og aðrar aftar á vinstri hlið. Í bifreiðum er rúma fleiri en 10 farþega, skulu vera varadyr á afturgaffli, ef þar er ekki sérstakur klefi fyrir flutning, en ella aftarlega í hægri hlið, og séu þær venjulega ekki notaðar. Skal tryggilega gengið frá læsingu dyra, svo að ekki sé hætt við að opnast, er bifreiðin er á ferð. Að öðru leyti skulu farþegabyrgin vera gerð í samráði við bifreiðaeftirlitið.

Skoðunarmönnum bifreiða er heimilt að veita undanþágu samkvæmt nánari 70
fyrirmælum ráðuneytisins, að því er snertir gerð og búnað farþegabyrgis fyrir 15. maí
bifreiðar þær, sem skrásettar hafa verið, er reglugerð þessi gengur í gildi, svo og
fyrir þær bifreiðar, sem komnar eru svo langt í smíðum, að ekki þykir fært að
gera á þeim slíkar breytingar, að þær fullnægi að einhverju sérstöku eða öllu
leyti framangreindum ákvæðum.

3. gr.

Í hverri bifreið skal festa upp á áberandi stað spjald, er bifreiðæftirlitið
leggur til gegn greiðslu kostnaðar, með áletraðri tölu farþega í sætum, sem mest
má vera, og í stæðum ef einhver eru. Ekki má hlaða bifreið fram yfir það hlass
eða tölu farþega, er skoðunarovottorð tilgreinir. Sérstaklega skal varast að bif-
reiðin sé ofhlaðin að aftan. Gæta skal þess að þrengja ekki að farþegum með
flutningi.

4. gr.

Framan við sæti bifreiðarstjóra skal festa utan á bifreið spegil, ef ekki er
slíkur spegill inni, svo að bifreiðarstjóri geti séð farartæki þau, er kunna að koma
aftan að bifreiðinni. Þó getur bifreiðæftirlitið veitt undanþágu frá þessu ákvæði,
er sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Á glerinu framan við sæti bifreiðarstjórans
skal vera tvöföld, sjálfvirk glerþurrka. Framan við sæti bifreiðarstjórans skal
vera hraðamælir og vegalengdarmælir, hvorttveggja í góðu lagi.

5. gr.

Í hverri bifreið skal vera slökkvitæki af viðurkenndri gerð og stærð, á þeim
stað, er bifreiðarstjóri greiðlega nær til. Aftarlega í farþegabyrginu, þar sem
fljótt má grípa til, skal geymd öxi, hentug til að höggva gat á byrgið eða brjóta
rúðurnar, ef slys vill til.

6. gr.

Auglýsingar mega því aðeins vera utan á bifreið að gætt sé um þær smekk-
vísi að útliti og efni.

Hvorki framan eða aftan á bifreið mega vera nokkur óviðkomandi merki
eða stafir, sem að áliti skoðunarmanna geta glapið eða villt lögreglunni sýn,
þegar greina þarf merki bifreiðarinnar, eða truflað framsýn bifreiðarstjóra.

7. gr.

Bifreiðar skulu vera að öllu leyti í góðu og fullkomnu lagi. Sérstaklega skal
þess gætt um stýri og hemla.

Sérhverjum eiganda eða umráðamanni bifreiðar er skylt að halda bifreið
sinni vel við, svo að hún sé ætíð sem öruggust í akstri. Skal að jafnaði fylgt þeirri
reglu, að hver bifreið sé að minnsta kosti einu sinni á ári rækilega athuguð af
kunnáttumanni, endurnýjað og gert við það sem ábótavant er, en síðan
viðurkand af skoðunarmanni. Telst skoðun þessi ein hinna fjögurra lögboðnu
árlegu skoðana.

70 Ber öllum slíkum umráðamönnum yfir bifreiðum, einnig þeim, sem hafa
15. maí afgreiðslu þeirra á hendi, að sjá um að allar þær bifreiðir, er þeir hafa umráð
yfir að sjá um afgreiðslu á, séu fullfærar til notkunar þá er þær eru í akstri
og eru leigðar út.

Ökumaður bifreiðar, sem vinnur hjá öðrum, skal ætíð gæta þess að til-
kynna umráðamanni bifreiðarinnar þegar í stað, þá er bifreiðin að einhverju
leyti bilar, eða, vegna slits eða skemmda, fullnægir ekki lengur þeim kröfum,
sem gerðar eru til bifreiða.

Nú tilkynnir ökumaður umráðamanni bifreiðar slíka bilun eða slit á bifreið,
og er ekki fljótlega úr bætt af umráðamanni, en ágreiningur verður milli þeirra
um það, hvort sé á rökum byggt, og skal þá leita úrskurðar skoðunarmanns
bifreiða.

Ökumaður skal ætíð gæta þess að stýrisumbúnaður á bifreið hans sé traustur
og góður og auðvelt sé að snúa framhjólnum nægilega mikið til beggja hliða.
Skal gæta þess að þau sitji rétt á öxli og að hvergi sé verulegt slit eða bilun né
stírðleiki á stýrisumbúnaðinum og að hann sé vel smurður og liðugur.

Á hverri bifreið skulu hemlar ætíð verka jafnt og vel þannig, að unnt sé
með tiltölulega léttu átaki að láta þá fullþvinga að við stöðvun. Ökumaður skal
gæta þess, að hemlarnir verki jafnmikið bæði á hægri og vinstri hlið vagnsins.
Séu hemlar bæði á fram- og afturhjóllum bifreiðar, skal þess gætt að þeir verki
fyrir og meira á afturhjólin. Varast skal að stöðva bifreið snögglega af hröðum
akstri, og að neyta fulls átaks á hemlana að þarflausu. Handhemillinn skal vera
svo öflugur að hann einn út af fyrir sig geti haldið bifreiðinni kyrrri í brekku.
Einnig skal vera auðvelt með tilsvarendi átaki að losa hemilinn.

8. gr.

1. Farþegar skulu jafnan hegða sér þrúðmannlega og forðast háreysti. Er
þeim skylt að hlýðnast bifreiðarstjóra í þessu efni.
2. Banna má bifreiðarstjóri reykingar í bifreið, ef einhver farþega æskir þess.
3. Bifreiðarstjóra er óheimilt að flytja farþega, sem eru sýnilega ölvaðir og
öðrum til leiðinda eða óþæginda.
4. Gæta skal þess vandlega, að farþegar þrengi ekki að bifreiðarstjóra, sjálfir
í sætum sínum eða með farangri sínum.
5. Bannað er farþegum að standa á stigborði eða vera annarsstaðar utan á bif-
reið, sem er á ferð.

Þegar bifreið ekur yfir brú eða fram hjá annari bifreið er farþegum
bannað að vera með höfuð út um glugga eða rétta út hönd eða annað, sem
rekizt getur í. Enginn má opna hurð eða stökkva út úr bifreið, fyrr en hún
hefir verið stöðvuð og ökumaður gefur leyfi til þess.

6. Farþegar skulu gæta þess að fara út og inn í bifreið vinstra megin eftir því,
sem við verður komið og gæta um það varúðar og hlýða fyrirmælum öku-
manns þar að lútandi.

9. gr.

70
15. maí

Þær bifreiðar, sem skráðar eru til vöruflutninga en notaðar eru endrum og sinnum til fólksflutninga, eða flytja að staðaldri framleiðsluvörur bænda (sbr. 2. málsgr. 1. gr. laganna) skulu auk skrásetningarvottorðs hafa vottorð bifreiðaeftirlitsins um að þær séu hæfar til fólksflutninga. Sérstaklega skal þess vandlega gætt, að pallurinn sé tryggilega festur við vagngrindina með umbúnaði, sem ekki getur opnast. Gæta skal um þetta sérstakrar varúðar þar sem pallur er á hjörum.

Gæta skal þess að farþegabyrgi, ef það er nokkurt, og sætin sé tryggilega fest við pallinn. Farþegabyrgi og sæti skal vera traustlega gert og svo um búið, að ekki sé hætt á, að farþegar geti fallið út úr bifreið.

Skulu byrgi og sæti gerð í samráði við skoðunarmenn bifreiða og skera þeir úr, hvort nota megi þau og hve marga farþega megi flytja í þeim, enda heyra þau undir hina lögboðnu skoðun jafnt og sjálf bifreiðin.

10. gr.

Bifreiðarstjóri skal gæta þess að aka jafnan mjög varlega og temprá ökuhraða ávallt svo að komizt verði hjá slysum og ekki sé trufluð umferðin. — Ef staði eru fyrir farþega má ökuhraði ekki vera meiri en 25 km. á klst.

Ákvæði þessi gilda einnig fyrir vöruflutningabifreiðir, er þær endrum og sinnum eru notaðar til fólksflutninga, sömuleiðis fyrir bifreiðir, sem að staðaldrei flytja framleiðsluvörur bænda.

11. gr.

Ökumenn bifreiða þeirra, er reglugerð þessi nær til, skulu vera reyndir og vel færir í starfi sínu bæði við að stjórna bifreið og við aðgerð vélar og vagns, enda hafi þeir próf, er gefur þeim réttindi til að stjórna leigubifreið til mannfutninga.

12. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum frá 10—1000 kr., nema þyngri refsing liggja við eftir öðrum lögum, og skulu mál út af brotum á þeim sæta sömu meðferð og almenn lögglumál. Auk þess er heimilt að svipta sérleyfshafa sérleyfi með fyrirvara eða þegar í stað, ef miklar sakir eru.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 15. maí 1935.

Haraldur Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.